Mosfellsprestakall

# Safnaðarbréf

á lönguföstu 2010




## 120 ungmenni fermast

Á vori komanda munu 118 ungmenni staðfesta skírnarsáttmála sinn í Mosfellsprestakalli er þau ganga til fermingar í fjórtán athöfnum í kirkjum sóknarinnar, níu að Lágafelli en fimm að Mosfelli.

Í þessu safnaðarbréfi er að finna nöfn fermingarbarnanna og heimilisföng.

Nánar á bls. 2-3



## 45 ár liðin frá vígslu Mosfellskirkju

4. apríl 1965 var fjöldi manns samankominn að Mosfelli til að fagna vígslu nýrrar kirkju þar á staðnum, sem verið hafði án guðshúss í 77 ár.

Mosfellingar hafa nú notið kirkjunnar að Mosfelli í 45 ár og er þess minnst hér í blaðinu, á

bls. 6

Útgefandi: Sóknarnefnd Lágafellssóknar, Mosfellsprestakalli, Þverholti 3, Mosfellsbæ.
Ritstjórn, útlit og umbrot: Sigurður Hreiðar. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. Unnið í mars 2010.

# Fermingar í Lágafellssókn

**Lágafellskirkja**
21. mars kl. 10.30

Aron Björn Óðinsson,
Bjargartanga 17
Auðunn Hrafn Alexandersson,
Lágholti 2a
Benedikt Magni Sigurðsson,
Stórateigi 2
Bjarklind Símonardóttir,
Klapparhlíð 20
Davíð Þór Guðlaugsson,
Grenibyggð 4
Högni Steinn Jóhannesson,
Dvergholti 1
Jökull Þór Kristjánsson,
Furubyggð 19
Karen Geirsdóttir,
Þrastarhöfða 9
Patrekur Helgason,
Víðiteigi 16
Ríkharður Már Guðmundsson,
Melstað
Sandra Brá Bjarnadóttir,
Byggðarholti 12
Sigurður Eymundsson,
Reykjavegi 78
Sveinbjörn Steinar Kristjánsson,
Dvergholti 14
Viktor Gauti Guðjónsson,
Krókabyggð 10

**Lágafellskirkja**
21. mars kl. 13.30

Einar Vignir Sigurjónsson,
Tjaldanesi
Guðmunda Íris Gylfadóttir,
Víðiteigi 18
Harpa Mjöll Reynisdóttir,
Aðaltúni 20
Hildur Ýr Þórðardóttir,
Rituhöfða 7
Hinrik Sveinsson,
Þverholti 7
Íris Björk Sigurðardóttir,
Litlakrika 2
Jón Árni Haraldsson,
Hrafnshöfða 14
Kristófer Örn Jónsson,
Stórakrika 45
Maj Britt Anna Bjarkardóttir,
Álmholti 6
María Gústavsdóttir,
Hamratúni 13
Sigríður Helga Grétarsdóttir,
Litlakrika 44
Snædís Guðrún Guðmundsdóttir,
Rein
Steinn Guðmundsson,
Krókabyggð 8

**Lágafellskirkja**
28. mars kl. 10.30

Andri Sævar Reynisson,
Björtuhlíð 20
Ágúst Logi Pétursson,
Hrafnshöfða 8
Birkir Örn Sigurðarson,
Þverholti 7
Dagbjört Guðný Friðriksdóttir,
Arnartanga 10
Daníel Andri Karlsson,
Klapparhlíð 24
Emilía Heiða Þorsteinsdóttir,
Brekkutanga 25
Fanney Pálsdóttir,
Laxatungu 13
Finnbogi Ernir Ægisson,
Þrastarhöfða 29
Guðrún Svanhildur Rúnarsdóttir,
Súluhöfða 22
Hrefna Óskarsdóttir,
Brekkutanga 26
Hulda Herborg Rúnarsdóttir,
Súluhöfða 22
Kolfinna Rut Haraldsdóttir,
Bergholti 8
Ólafur Pálmarsson,
Hamarsteigi 9
Sara Gunnarsdóttir,
Litlakrika 12
Sigríður Birna Ingimundardóttir,
Bergholti 12
Vera Sif Brynjudóttir,
Bæjarási 3

**Lágafellskirkja**
28. mars kl. 13.30

Alma Karen Knútsdóttir,
Tröllateigi 17
Elín Aðalsteina Einarsdóttir,
Dvergholti 2
Eydís Embla Lúðvíksdóttir,
Stórakrika 40
Guðjón Þorri Bjarkason,
Tröllateigi 16
Hafþór Ingi Ágústsson,
Hulduhlíð 10
Haraldur Árni Harðarson,
Hjallahlíð 19b
Kristófer Sigurðsson,
Grenibyggð 5
Patrik Elí Einarsson,
Bugðutanga 13
Viktor Bergmann Bjarkason,
Tröllateigi 32

**Lágafellskirkja**
01. apríl kl. 10.30

Bjarki Snær Ólafsson,
Bröttuhlíð 13
Guðjón Pétursson,
Brekkulandi 4
Gunnar Logi Gylfason,
Barrholti 12
Gunnar Logi Tómasson,
Þrastarhöfða 5
Hlynur Freyr Ómarsson,
Grundartanga 3
Jón Róbert Árnason,
Klapparhlíð 32
Lóa Mjöll Kristjánsdóttir,
Hamratúni 6
Ómar Viðar Heiðarsson,
Klapparhlíð 20
Róbert Þór Grétarsson,
Krókabyggð 16
Samúel Ásgeirsson,
Bugðutanga 5
Sesselja Júlía Ingvarsdóttir,
Krókabyggð 14
Stefán Ás Ingvarsson,
Þrastarhöfða 37

# vorið 2010

Stefán Már Jónsson,
Dvergholti 14
Viðar Már Ólafsson,
Álmholti 15
Vignir Hans Bjarnason,
Súluhöfða 17
Þórhildur Þorbjarnardóttir,
Byggðarholti 35

## Lágafellskirkja
01. apríl kl. 13.30

Anna Sóley Ólafsdóttir
Vallengi 3, Rvík
Anna Valdis Einarsdóttir,
Brekkutanga 11
Birkir Benediktsson,
Lækjartúni 7
Birta Jónsdóttir,
Asparteigi 4
Elísa Kristín Sverrisdóttir,
Tröllateigi 41
Guðrún Ýr Eyfj. Jóhannesdóttir,
Reykjamel 17
Hafþór Bjarki Sigmundsson,
Spóahöfða 1
Halldóra Ragnarsdóttir,
Víðiteigi 22
Helga Anna Ragnarsdóttir,
Víðiteigi 22
Hrafnhildur Árnadóttir,
Súluhöfða 11
Írena Ósk Fjólmundsdóttir,
Leirutanga 30
Jóhanna Helga Jensdóttir,
Tröllateigi 30
Karen Lea Björnsdóttir,
Arnarhöfða 3
Tinna Rut Egilsdóttir,
Miðholti 9

## Lágafellskirkja
11. apríl kl. 10.30

Alda Björk Egilsdóttir,
Akurholti 16
Andrea Anna Arnardóttir,
Byggðarholti 9
Auðbjörg Helga Guðmundsdóttir,
Brekkutanga 31

Guðsteinn Ingi Sveinsson,
Raufarseli 13
Hafþór Sindri Hafberg,
Arnartanga 62
Íris Una Smith,
Bjargartanga 1
María Ísabella Arnardóttir,
Hjarðarlandi 4a
Perla Kristín Smáradóttir,
Stórakrika 13
Pétur Karl Einarsson,
Krókabyggð 20
Rakel Jónsdóttir,
Markholti 10
Selma Karen Hólm,
Blikahöfða 1
Sonja Jóhannsdóttir,
Þrastarhöfða 7
Stella María Gunnlaugsdóttir,
Bröttuhlíð 2

## Mosfellskirkja
11. apríl kl. 13.30

Andri Þór Sigurðarson,
Hulduhlíð 11
Björg Þorláksdóttir,
Brekkutanga 7
Guðmundur Ágúst Thoroddsen,
Furubyggð 28
Kristofer Henry Ásgeirsson,
Helgadal
Ólafur Jóhann Steinarsson,
Skeljatanga 43

## Lágafellskirkja
18. apríl kl. 10.30

Alexandra Líf Benediktsdóttir,
Tröllateigi 6
Esther Aspelund Georgsdóttir,
Álmholti 15
Eva Ragnarsdóttir Kamban,
Hulduhlíð 2
Hlynur Guðbjörnsson,
Klapparhlíð 7
Páll Ragnar Eggertsson,
Reykjabyggð 32
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir,
Blikahöfða 20

Valdís Björg Friðriksdóttir,
Byggðarholti 31

## Mosfellskirkja
18. apríl kl. 13.30

Aðalbjörg Egilsdóttir,
Hraðastaðavegi 5
Andrés Leó Sigurðarson,
Áslandi 3
Ásta Lilja Sigurðardóttir,
Hraðastaðavegi 15
Egill Fannar Andrésson,
Hrísbrú
Hólmfríður Magnea
Hákonardóttir, Miðholti 7
Marteinn Helgi Jónsson,
Arnarhöfða 4
Sigurpáll Melberg Pálsson,
Hraðastöðum 5
Sóldís Rós Símonardóttir,
Miðholti 11

## Mosfellskirkja,
9. maí kl. 14.00

Súsanna Katarína Guðmundsdóttir,
Víðiteigi 8b

## Lágafellskirkja,
23. maí kl. 11.00

Aðalsteinn Gylfason,
Englandi
Birta Líf Bjarkadóttir,
Dalslandsgade 8, L-606

## Mosfellskirkja,
27. júní kl. 11.00

Hlíf Ólafsdóttir,
Danmörku

## Mosfellskirkja,
25. júlí kl. 11.00

Björn Gunnar Björnsson,
Bandaríkjunum




# Kirkjan og Afturelding: Þegar stofnanir og félög taka höndum saman

Mikilvægur þáttur í stefnumótunarvinnu Lágafellssóknar er að auka samvinnu kirkjunnar við stofnanir og félagasamtök í Mosfellsbæ. Það var því gleðilegt þegar Afturelding tók frumkvæðið að þeirri samvinnu í tilefni 100 ára afmælisárs félagsins og sem hluta af þeirra vinnu að eiga stefnumót við alla þá aðila sem vinna að eflingu æskulýðsins í samfélagi okkar. Það er gott að heyra að margir hafa það sama í stefnu sinni og að finna þá eflingu sem verður til þegar við stillum saman strengi.

Mikið fjör var í Lágafellskirkju á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar 7. mars síðastliðinn.

Þá stóðu Lágafellssókn og Afturelding fyrir Æskulýðsmessu með léttu sniði. Fjöldinn allur af fólki, stóru og smáu, lagði hönd á plóginn. Börn lásu bænir, foreldrar ritningarlestra og fjölbreytt tónlist var í umsjón Ásbjargar Jónsdóttur og félaga hennar úr tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Jón Pálsson, formaður Aftureldingar, var ræðumaður og vitnaði hann m.a. í orð spámannsins Kahlil Gibran, á þessa leið:

**„Börn ykkar eru ekki börn ykkar.**

**Þau eru synir og dætur lífsins og eiga sér sínar eigin langanir.**

**Þið eruð farvegur þeirra, en þau koma ekki frá ykkur.**

**Og þó að þau séu hjá ykkur, heyra þau ykkur ekki til.**

**Þið megið gefa þeim ást ykkar en ekki hugsanir ykkar, þau eiga sínar eigin hugsanir.**

**Þið megið hýsa líkami þeirra, en ekki sálir þeirra, því sálir þeirra búa í húsi framtíðarinnar sem þið getið ekki heimsótt, jafnvel ekki í draumi.**

**Þið megið reyna að líkjast þeim, en ekki gera þau lík ykkur.**

**Því að lífið fer ekki afturábak og verður ekki grafið í gröf gærdagsins.**

**Þið eruð boginn sem börnum ykkar er skotið af eins og lifandi örvum.**

**En mark bogmannsins er á vegi eilífðarinnar og hann beygir ykkur með afli sínu, svo að örvar hans fljúgi hratt og langt.**

**Látið sveigjuna í hendi bogmannsins vera hamingju ykkar, því að eins og hann elskar örina, sem flýgur, eins elskar hann bogann í hendi sér.”**

Hægt er að lesa ræðu Jóns í heild á heimasíðu sóknarinnar: www.lagafellskirkja.is.



Ásbjörg Jónsdóttir hafði veg og vanda af tónlistarflutningi ungs fólks frá Listaskóla Mosfellsbæjar sem flutti m.a. frumsamið lag eftir hana, Listaverk heimsins. Hér frá vinstri: Ásbjörg Jónsdóttir, Lára Björk Bender, Ágústa Dómhildur Karlsdóttir, Gunnhildur Ósk Guðmundsdóttir.
– Á forsíðu: Aron Bragi Baldursson, Elías Marel Þorsteinsson.

Myndir: Arndís Linn

# Krílasálmar



Eftir nýliðin áramót hófst tónlistarnámskeið í Lágafellssókn sem kallast Krílasálmar. Námskeiðið er haldið bæði í Mosfells- og Lágafellskirkju og er nýjung í safnaðarstarfi. Námskeiðið er ætlað börnum undir eins árs aldri og foreldrum þeirra.

Á Krílasálmum er foreldrum kennt hvernig nota má söng og tónlist til að auka tengsl við börnin og örva þroska þeirra en rannsóknir sýna að tónlist hefur góð áhrif á tilfinninga- og hreyfiþroska barna. Í kennslunni eru einkum notaðir sálmar og tónlist kirkjunnar en einnig þekktar vísur, hrynleikir og þulur. Mikil áhersla er lögð á að örva skilningarvit barnanna með ýmsum aðferðum s.s. bjöllum, slæðum, reykelsi, sápukúlum og vatnsúða svo nokkuð sé nefnt.

Berglind Björgúlfsdóttir hefur umsjón með námskeiðunum en hún hefur mikla reynslu af að vinna með börnum og heldur svipuð námskeið í öðrum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu.

Námskeiðinu lýkur með því að börnin og foreldrar þeirra taka þátt í guðsþjónustu í Mosfellskirkju þann 25. apríl kl. 11.00.

# Prjónasamvera

Undanfarin misseri hefur áhugi aukist á hvers konar handverki. Hópar hittast með reglulegu millibili þar sem hver og einn kemur með sína handavinnu með því markmiði að hafa gaman af og hitta annað fólk.

Í Lágafellssókn var í nóvember s.l. ákveðið að opna safnaðarheimilið fyrir þeim sem hafa áhuga á slíkum samverustundum. Hver stund er annan hvern fimmtudag frá kl. 20–22. Að jafnaði hafa komið um 10 iðnar og glaðar konur sem nýta tímann vel við handavinnu, spjall og kaffitár.

Góðir gestir hafa komið í heimsókn, t.d. konur frá Kvenfélagi Lágafellssóknar sem sögðu frá húfuverkefni kvenfélaganna. Þá kom Gróa Karlsdóttir og kynnti fyrir hópnum rússneskt hekl og leiðbeindi þeim sem vildu.

Nánar má sjá á heimasíðu Lágafellskirkju hvenær prjónasamverur eru.



Hér má sjá Guðrúnu V. Karlsdóttur (Gógó), Erlu Birnu Birgis, Önnu Olsen, Ingu Friðný Sigurðardóttur, Áshildi Þorsteinsdóttur og leiðbeinandann Gróu Karlsdóttur sem kenndi viðstöddum rússneskt hekl við góðar undirtektir.



Eins og sjá má var fjarri því að allir kirkjugestir kæmust inn, en til allrar lukku var veður gott 4. apríl 1965.

# Mosfellskirkja 45 ára



Við vígsluathöfn Mosfellskirkju voru skírð börn tveggja systra sem báðar höfðu um tíma átt heima í Mosfellsdal. Séra Bjarni Sigurðsson sóknarprestur á Mosfelli skírði börnin en auk hans voru fjórir prestar viðstaddir athöfnina. Ragnar Lár fjöllistamaður, dóttursonur sr. Magnúsar Þorsteinssonar sem gegndi embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli 1904 til 1922, tók myndir er Mosfellskirkja var vígð. Að því best er vitað nú voru ekki aðrar myndir teknar við það tækifæri. Hann gaf myndirnar Birgi D. Sveinssyni og eru þær varðveittar á Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Mosfellskirkja var dánargjöf Stefáns Þorlákssonar hreppstjóra og athafnamanns, sem framan af var kenndur við Reykjahlíð en síðan Reykjadal. Stefán var ógiftur og barnlaus, hafði ungur og vegalaus borist í hlað á Hrísbrú þar sem honum var vel tekið svo hann yfirgaf ekki sveitina síðan. Þar hefur hann án efa drukkið í sig söknuð dalbúa eftir kirkjunni að Mosfelli sem var ofan tekin árið 1888 er sameinaðar voru kirkjurnar að Mosfelli og Gufunesi í nýrri kirkju á Lágafelli. Það er til marks um þakklæti Stefáns í garð dalsins sem opnaði honum ungum faðm sinn að hann gaf honum nýtt guðshús í kveðjugjöf.

Þó söfnuður Mosfellsprestakalls hafi alla tíð haft full afnot af Mosfellskirkju var hún framan af sjálfseignarstofnun undir sérstakri stjórn, enda hafði Stefán ánafnað henni heitavatnsréttindum sem duga skyldu henni til viðhalds og skyldugra gjalda. Þegar fram í sótti þótti þetta ekki æskilegt fyrirkomulag og þar kom árið 1998 að samþykkt var á aðalsafnaðarfundi að söfnuðurinn tæki til sín umboð, skyldur og reikningshald sjálfseignarstofnunarinnar. „Kirkjan teljist þannig að fullu eign safnaðarins og sóknarnefnd Lágafellssóknar verði falið að sjá um rekstur hennar og viðhald og fjárreiður allar,“ segir í samþykktinni.

Mosfellskirkja var vígð 4. apríl 1965. Þannig hefur hún nú á þessu vori þjónað söfnuði Lágafellssóknar í Mosfellsprestakalli í 45 ár.





## Velferðarsjóði Lágafellssóknar

bárust peningagjafir frá einstaklingum og félagssamtökum á umliðnu ári. Má þar nefna frá félagsstarfi eldri borgara, Kirkjukór Lágafellssóknar og Úunum, Lionsklúbbi kvenna í Mosfellsbæ. Markmið sjóðsins er að veita Mosfellingum brýnasta stuðning í þrengingum, sérstaklega kringum jólin.
Þeim sem gáfu eru færðar þakkir.

Sóknarprestur

Meðal þeirra sem styrktu velferðarstjóð Lágafellssóknar var félagsstarf aldraða að Hlaðhömrum. Þar á meðal þessi vaska sveit kvenna sem lagði sitt af mörkum.



# Kvenfélagið 100 ára

Á nýliðnum jólum átti Kvenfélag Lágafellssóknar 100 ára afmæli. Á aldarlöngum ferli sínum hefur það verið mikilvirkt og komið víða við í menningarlífi sveitarinnar. Hæst ber sennilega frumkvæði þess að því að byggja menningar- og skólasetrið Brúarland á sínum tíma.

Kvenfélagið hefur alla tíð lagt kirkju sinni lið og stutt starfsemi hennar með margvíslegum hætti. Það átti þannig frumkvæði að því að kaupa henni pípuorgel sem vígt var árið 1957 og lagði einnig sitt af mörkum þegar keypt var nýtt orgel Björgvins Tómassonar sem vígt var 1992.

Núverandi formaður Kvenfélags Lágafellssóknar er Ingimunda Loftsdóttir (nr. 2 frá vinstri) en ásamt henni skipa stjórnina Sigrún Sigurðardóttir (lengst til vinstri) Esther Gunnarsdóttir (nr. 2 frá hægri) og Aðalheiður Úlfsdóttir (yst til hægri). Varamenn í stjórn eru Herdís Kristinsdóttir og Áshildur Þorsteinsdóttir.



## Kyrrðardagur

í Mosfellskirkju verður
laugardaginn 15.maí
kl. 9.00-15.00.

Umsjón hafa Sigurbjörg Þorgrímsdóttir
leiðbeinandi í kristinni íhugun
– Centering Prayer

og sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Íhugun – kyrrð – útivera –
andleg og líkamleg næring

Upplýsingar og skráning:

sr. Ragnheiður Jónsdóttir
sími 8699882

## Sumarfrí

presta safnaðarins eru sem hér segir:
Sr. Skírnir Garðarsson 10. til 24. ágúst og 29. september til 12. október.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir 3. til 18. júlí og 26. júlí til 9. ágúst.

## Ársleyfi organista

Jónas Þórir, sem verið hefur organisti Lágafellskirkju síðan 1999, hefur sótt um og fengið leyfi til eins árs frá 1. júní að telja..
Ekki hefur verið gengið frá hver muni leysa hann af meðan hann nýtur orlofsins.

**Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028**

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Símaviðtalstími hennar er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Fax: 566 7223, farsími 869 9882. Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Skrifstofa sr. Skírnis Garðarssonar er á annarri hæð. Símaviðtalstími hans er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Farsími: 823 8274, netfang: skirnir.gardarsson@kirkjan.is

Skrifstofa Fjólu Haraldsdóttur djákna er á annarri hæð. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Farsími: 861 3565, netfang fjolaha@visir.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtalstíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnars Zoëga Stefánssonar, framkvæmdastjóra er á annarri hæð. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Meðhjálpari/kirkjuvörður:
Arndís Linn, farsími 866 8947, netfang: arndis.linn@kirkjan.is.

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

# Helgihald í Lágafellssókn mars til ágúst 2010

21. mars 5. sd. í föstu
(Boðunardagur Maríu)
**Lágafell**
Fermingar kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestar

28. mars pálmasunnudagur
**Lágafell**
Fermingar kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestar

1.apríl skírdagur
**Lágafell**
Fermingar kl. 10.30 og 13.30
Báðir prestar

2.apríl föstudagurinn langi
**Víðines** kl.11
**Mosfell** kl.14
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

4. apríl páskadagur
**Lágafell** kl. 08.00
Hátíðarguðsþjónusta
sr. Skírnir Garðarsson

11. apríl 1. sd. e. páska
**Lágafell** kl. 10.30
**Mosfell** kl. 13.30
Fermingar
Báðir prestar

18. apríl 2. sd. e. páska
**Lágafell** kl. 10.30
**Mosfell** kl. 13.30
Fermingar
Sr. Skírnir Garðarsson

25. apríl 3. sd. e. páska
**Mosfell** kl. 11.00
„Krílamessa“ – sjá nánar auglýst á heimasíðu
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

2. maí 4. sd. e. páska
**Lágafell** kl. 11.00
sr. Skírnir Garðarsson

9. maí 5. sd. e. páska
**Mosfell** kl. 14.00
Ferming
Kirkjudagur Hestamannafélagsins Harðar.
Hópreið hestamanna til kirkju
Sr. Skírnir Garðarsson

16. maí 6. sd. e. páska
**Lágafell** kl. 11.00
Sr.Ragnheiður Jónsdóttir

23. maí hvítasunnuhátíð
**Lágafell** kl. 11.00
Ferming
Sr. Skírnir Garðarsson

30. maí þrenningarhátíð (trinitatis)
**Mosfell** kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

6.júní 1. sd. e. trin.
**Lágafell** kl. 11
Sjómannadagurinn
Sr. Skírnir Garðarsson

13.júní 2. sd. e. trin.
**Lágafell** kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

17. júní þjóðhátíðardagur
**Lágafell** kl. 11.00
Hátíðarguðsþjónusta
Sr.Ragnheiður Jónsdóttir

20. júní 3. sd. e. trin
**Lágafell** kl. 20
Kvöldmessa
Sr. Skírnir Garðarsson

27. júní 4. sd. e. trin.
**Mosfell** kl. 11
Ferming
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

4. júlí 5. sd. e. trin.
**Lágafell** kl. 11.00
Ferming
Sr. María Ágústsdóttir

11. júlí 6. sd. e. trin
**Lágafell** kl. 20
Kyrrðar og bænastund m. altarisgöngu
Sr. Skírnir Garðarsson

18.júlí 7. sd. e. trin
**Göngumessa frá Lágafelli**
– nánar auglýst á heimasíðu
Sr. Skírnir Garðarsson

25. júlí 8. sd. e. trin
**Mosfell** kl. 11.00
Ferming
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

1. ágúst 9. sd. e. trin. verslunarmannahelgi
**Lágafell** kl. 11.00
Ferming
Sr. Skírnir Garðarsson

8. ágúst 10. sd. e. trin.
**Lágafell** kl. 20.00
Kvöldmessa
Sr. Skírnir Garðarsson

15. ágúst 11. sd. e. trin
**Lágafell** kl. 20.00
Kvöldmessa
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

22. ágúst 12. sd. e. trin
**Lágafell** kl.11.00
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

29. ágúst 13. sd. e. trin.
„Í túninu heima“
Nánar auglýst á heimasíðu.

**Auðvelt er að fylgjast með því sem er að gerast í starfi safnaðarins með því að skoða heimasíðu kirkjunnar, www.lagafellskirkja.is**